



Álagningarreglur fasteignagjalda fyrir árið 2023

Fasteignagjöld

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði **0,48%** af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði **1,32%** af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og atvinnuhúsnæði verði (C-flokkur) **1,65%** af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði **1,65%** af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði **0,3%** af fasteignamati að lágmarki 8.500 kr. og á íbúðarhúsnæði að hámarki 60.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði **0,24%** af fasteignamati lóða og mannvirkja.

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði **85.800** kr./íbúð fyrir reglubundna sorphirðu og eyðingu.

Sorpeyðingargjald verði **27.000** kr./sumarhús og íbúðir þar sem ekki er regluleg sorphirða.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði **9.600** kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki verða samkvæmt gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði **9.900** kr./ha.

Gjalddagar:

Gjalddagar fasteignagjalda eru átta, frá 1. febrúar til 1. september, en á smærri upphæðum eru gjalddagar einn eða tveir. Gjaldalagi á 0-30.000 kr. er 1. febrúar fyrir hvert fasteignanúmer, en skiptist í tvo gjalddaga 1. febrúar og 1. mars fyrir upphæðir á bilinu kr. 30.001-60.000.

Eftirfarandi reglur gilda um lækkun fasteignaskatta elli- og örorkulífeyrisþega:

Fasteignaskattur verður eingöngu lækkaður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir. Til viðmiðunar eru allar tekjur viðkomandi, þar með taldar fjármagnstekjur samkvæmt skattframtali næst liðins árs.

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **50.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 4.110.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 6.717.000 kr/ári

Fasteignaskattur lækki um allt að kr. **30.000,-** hjá:

- Einstaklingum með tekjur allt að 5.138.000 kr/ári
- Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 8.397.000 kr/ári

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagastrandar 29. des. 2022

Alexandra Jóhannesdóttir
Sveitarstjóri